

Þróunarsjóður innflytjendamála
Development Fund for Immigration Issues

Heiti verkefnis: Velgengni ungra flóttamanna og innflytjenda í framhaldsskólum á Íslandi:
Reynsla og væntingar

Nafn styrkþega: Susan Rafik Hama

Útdráttur: Innstreymi innflytjenda til Íslands hefur félagsleg, menningarleg og stjórnmálaleg áhrif á íslenskt samfélag. Líkt og mörg önnur Evrópulönd hefur Ísland orðið heimili margra innflytjenda. Þetta innstreymi hefur einnig áhrif á menntakerfið og margir skólar hafa þróað líkön til að þjóna ólíkum þörfum innflytjenda í menntakerfinu. Mismunandi skólastig á Íslandi þjóna vaxandi fjölda nemenda af erlendum uppruna með mismunandi hætti. Skilningur á ástæðum velgengni nemenda bæði félagslega og námslega gæti verið mikilvægur til að bregðast við brottfalli nemenda af erlendum uppruna. Megintilgangur rannsóknarinnar er að skilja grunninn fyrir námslegum og félagslegum árangri nemenda af erlendum uppruna og beita þeim í mismunandi námsrými. Skilja og draga lærdóm af námslegri og félagslegri reynslu nemenda af erlendum uppruna er vegnað hefur vel í framhaldsskóla og skapa skilyrði sem veita öllum nemendum raunveruleg tækifæri til að ná árangri. Þekking á ástæðum fyrir þátttöku og velgengni nemendanna gæti verið mikilvæg og áhugaverð fyrir stefnumótendur, kennara, embættismenn og stjórnvöld. Niðurstöðurnar leiða í ljós að námslega og félagslega velgengni ungra innflytjenda og flóttamanna mótaðis af ýmsum þáttum bæði innan veggja skólans sem og utan.